

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

23. fundur skipulags- og byggingarnefndar Eyja- og Miklaholtshrepps og Helgafellssveitar, haldinn að Þverá þriðjudaginn 15. janúar 2013 og hófst kl. 21:00.

Mættir voru:

Halldór Jónsson, Egill Valberg Benediktsson, Jóhannes Eyberg Ragnarsson, Þróstur Aðalbarnarson og Jökull Helgason, skipulags- og byggingarfulltrúi sem einnig ritaði fundargerð.

Dagskrá fundarins:

1. Erindi frá Þorsteini V. Sigurðssyni, Holti, Eyja- og Miklaholtshreppi.
Sótt er um leyfi fyrir viðbyggingu. Um er að ræða verkstæðishús sem byggt verður upp að núverandi verkstæði sem er steinsteypt. Sökkklar og gólfplata í nýbyggingu er staðsteypt á grúsarfyllingu. Burðarvirki veggja eru stálsúlur og 2“x 5“ timburgrind. Burðarvirki þaks eru stálbitar og 2“x 9“ sperrur. Húsið verður klætt að utan með báraðri málmklæðningu. Brúttóflatarmál er 113,2 m². Brúttórúmmál er 380,3 m³. Með erindinu fylgdi byggingarnefndarteikning dags. október 2012 unnin af Teiknistofunni Kvarða.
Samþykkt með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar.
2. Erindi frá Viðari Péturssyni, Lækjarbergi 32 Hafnarfirði.
Sótt er um leyfi fyrir stofnun lóðar í Borgarholti, Eyja- og Miklaholtshreppi. Nýja lóðin ber heitið Borgarholt 2 og er 3,0 ha að stærð skv. uppdrætti unnum af Ólafi K. Guðmundssyni dags. ágúst 2012.
Samþykkt.
3. Erindi dags. 21.12.2012 frá Ásgerði Ragnarsdóttur hjá LEX lögmannsstofu f.h. Múlavirkjunar.
Sótt er um leyfi fyrir breytingu á gildandi deiliskipulagi Múlavirkjunar til samræmis við útgefið byggingarleyfi fyrir stöðvarhús virkjunarinnar, en deiliskipulagið var samþykkt af hreppsnefnd þann 6. október 2003.
Með erindinu fylgdi tillaga að deiliskipulagsbreytingu dags. desember 2012 unnin af Kjartani Mogensen Landslagsarkitekt
Samþykkt að auglýsa breytingu á deiliskipulaginu.
4. Erindi frá eigendum Svarfhóls í Eyja- og Miklaholtshreppi.
Sótt er um leyfi fyrir breytingu á lóðarstærðum sumarhúshverfisins í landi Svarfhóls.
Samþykkt með fyrirvara um samþykki allra meðeigenda jarðarinnar.
5. Erindi dags. 25.10.2012 frá Ólafi Guðmundssyni f.h. Hjartar Hinrikssonar, Helgafelli, Helgafellssveit.
Óskað er eftir stofnun þriggja lóða úr landi Helgafells í Helgafellssveit en lóðirnar hafa hlotið nafnið Systrasel (1 ha), Vatnsás (1 ha) og Helgafell 3 (1 ha).
Með erindinu fylgdu uppdrættir af lóðunum unnum af Ólafi Guðmundssyni dags. október 2012. Einng fylgdi erindinu yfirlitsuppdráttur með öllum spildum jarðarinnar. Ekki er óskað eftir breytingu á landnotkun þessara þriggja spildna.
Samþykkt.

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

6. Erindi dags. 23.10.2012 frá Ólafi Guðmundssyni f.h. Hjartar Hinrikssonar, Helgafelli, Helgafellssveit.
Lögð fram teikning að nýrri heimreið að lóðinni Helgafelli 2 skv. tillögu Vegagerðarinnar í Borgarnesi dags. ágúst 2012.
Samþykkt.
7. Erindi dags. 31.10.2012 frá Eddu Einarsdóttur hjá Arkís arkitektum, f.h. Eyjólfis Árna Rafnssonar.
Lögð fram svokölluð „lýsing“ vegna deiliskipulags fyrir Innri-Kóngsbakka í Helgafellssveit.
Á síðasta fundi nefndarinnar var fjallað um afstöðu til breytingar á deiliskipulagi Innri-Kóngsbakka í Helgafellssveit. Í breytingunni felst m.a. að verið er að fella niður tvær lóðir við Amtmannsstíg 4 og 6 og búa til nýja lóð sem er afmörkuð austan við lóð nr. 5 og mun bera heitið Stekkjargata 1. Heimilt verður að byggja þar heilsárs íbúðarhús og gerður nýr aðkomuvegur með tengingu við veg 577.
Lóð, byggingareitur og bílastæði að Amtmannsstíg 4 og 6 eru felld niður.
Skipulagssvæðið er stækkað til norðurs og austurs.
Í viðræðum við Vegagerðina sl. haust vegna deiliskipulagstillögunnar lagðist Vegagerðin gegn því að þrjár vegtengingar yrðu inn á deiliskipulagssvæðið frá Helgafellssveitarvegi nr. 577. Því var tillögunni breytt á þann hátt að Amtmannsstígur nær ekki lengur upp að vegi 577, heldur tengist við Konungsbraut. Í ljósi galla á málsmeðferð upphaflega deiliskipulagsins fyrir Innri-Kóngsbakka telst deiliskipulagið sjálft (og síðari breyting sem auglýst var í stjórnartíðindum), ekki í gildi. Því reyndist nauðsynlegt að fara í svokallaða „lýsingu“ eins og skilt er með ný deiliskipulög skv. núgildandi skipulagslögum.
Samþykkt að auglýsa „lýsingu“ deiliskipulagstillögunnar skv. skipulagslögum.
8. Erindi dags. desember 2012 frá Sæmundi Runólfssyni.
Sótt er um leyfi fyrir byggingu heilsárshúss á lóðinni Stekkjargötu 1 í landi Innri-Kóngsbakka í Helgafellssveit. Með erindinu fylgdu byggingarnefndarteikningar unnar af Ark Þingi dags. 08.11.2012.
Sökkklar og botnplata eru steinsteypt, útveggir úr forsteyptum einingum. Þak eru þrjú bárujárnsklædd mænisþök, með tengibyggingu á milli (þrjár burstir).
Grunnflötur húss er 130 m², rúmmál 512,2 m³.
Samþykkt með fyrirvara um afgreiðslu deiliskipulags fyrir svæðið.
9. Erindi dags. 18.11.2012 frá Kristjáni Guðmundssyni.
Sótt er um leyfi fyrir stofnun spildu úr landi Brettingsstaða í Helgafellssveit.
Spildan mun fá nafnið Helguvík og er 11 ha að stærð.
Með erindinu fylgdi uppdráttur unnin af Ólafi Guðmundssyni dags. október 2012.
Samþykkt með fyrirvara um samþykki landeiganda Saura vegna vegtengingar fyrir lóðina Helguvík.
10. Önnur mál.
Ekkert var tekið fyrir undir þessum lið.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 23:30.